



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2022

## KVIK2KÖ05

### Kvikmyndasaga 1993-2000

<b>Kennari:</b>	<b>Stefán Hannesson (stefanhannesson@fsu.is)</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>SHA</b>
-----------------	--	---------------	------------

Titill	Kvikmyndir nálgast aðra öld
Námsgrein	Kvikmyndasaga
Viðfangsefni	Kvikmyndasagan 1993-2000
Skammstöfun	KVIK2KÖ05
Prep	2
Einingafjöldi	5
Lýsing	<ul style="list-style-type: none"><li>Sjöundi og síðasti hluti <i>Kvikmyndasögu</i> Roberts Sklar lesinn (kaflar 25-28). Athugið að þessi hluti bókarinnar hefur ekki verið þýddur og er því á ensku.</li><li>Viðfangsefni áfangans er tímabilið 1993-2000 í kvikmyndasögunni. Tímabilið verður greint út frá samfélags- og tæknilegu sjónahorni. Kvikmyndir frá Bandaríkjunum verða í fyrirrúmi en einnig verða aðrar heimsálfur teknar fyrir ásamt íslenskum kvikmyndum.</li><li>Markmið áfangans er að auka þekkingu nemenda á viðkomandi tímabili í kvikmyndasögunni ásamt þjálfun í greiningu og túlkun á kvikmyndum.</li><li>Horft verður á kvikmyndir frá tímabilinu, ýmist í beinum tengslum við lesefnið eða til þess að greina myndirnar sérstaklega.</li><li>Námsmat byggist á verkefnum, prófum og mætingu (nánari lýsing neðar í kennsluáætlun).</li><li>Námsefni: Rafræn útgáfa lesefnis undir „efni“ á Innu.</li><li>Símanotkun er ekki leyfð í kennslustundum.</li><li>Athugið að ekki er tekið við skilaboðum í gegnum Facebook, einungis Innu eða í tölvupósti.</li></ul>
Forkröfur	Engar
Þekkingarviðmið	<b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á eftirfarandi:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Listrænar kvikmyndir á ensku: Sjálfstæð kvikmyndagerð í Bandaríkjunum. Verkaskipting framleiðenda, handritshöfunda og leikstjóra.</li><li>Samband leikara og leikstjóra: Tim Burton og Johnny Depp</li><li>Breskar listrænar myndir – Ofur-raunsæi í kvikmyndaleik og handritsvinnu.</li><li>Kvikmyndaleikstjórn kvenna.</li><li>Sjálfstæðar heimildamyndir.</li><li>Ný evrópsk kvikmyndagerð – Eftir fall kommúnismans: Fágun og næmni í handritsgerð og leikstjórn.</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Dogma 95 - djúpsálfræði í kvikmyndum.</li> <li>• Alheims kvikmyndir.</li> <li>• Asískar kvikmyndir.</li> <li>• Alheimskvikmyndir í samtímanum.</li> <li>• Amerískar kvikmyndir. Myndbrellur og „animation“.</li> <li>• Hollywood: – 1. Kvikmyndahöfundar (auteurs)</li> <li>• Hollywood – 2. Kvikmyndategundir.</li> <li>• Yngri kynslóð leikstjóra.</li> <li>• Íslenskar kvikmyndir.</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að tengja saman þjóðfélagslegan veruleika og hvernig hann er sýndur í kvikmyndum.</li> <li>• Að greina og túlka kvikmyndir út frá tæknilegum- og frásagnarlegum atriðum.</li> <li>• Að greina kvikmyndir tímabilsins út frá sérkennum þess í kvikmyndasögunni.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifa kvikmyndagagnrýni.</li> <li>• Gera greinargóða samantekt á heilli kvikmynd í skorinorðu og samanþjöppuðu máli.</li> <li>• Geta nýtt sér þekkingu á tímabilinu í tengdum störfum og/eða námi.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Próf 1-4: 40%  Verkefni 1: 5%  Verkefni 2: 25%  Verkefni 3: 20%  Mæting: 10% (Kennslustundir áfangans byggja að miklu leyti á umræðum og því er mæting mikilvæg. Nemendur sem missa af kvikmyndaáhorfi í tímum þurfa að horfa á myndirnar heima. Athugið að nemendur sem gera mætingarsamning fá D ekki metin í þessum einkunnaþætti, einungis M.)</p>

**Með fyrirvara um breytingar.**

**Selfossi, 9. janúar 2022**

**Stefán Hannesson.**